

SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 9. tbl. 3. árg. september 2007

Leiðari forstjóra

Metár að baki

Framleiðsla á vegum Auðhumlu og KS á verðlagsárinu 2006 til 2007 var 123,6 milljónir lítra sem er 10,5 milljónum lítra meira en árið á undan eða 9,3% aukning á milli ára. Eins og gefur að skilja er þetta metár í mjólkurframleiðslu. Mjólkurneysla á Íslandi hefur farið vaxandi undanfarin ár og má það vafalítið þakka öflugri vöruþróun og markvissu markaðsstarfi sem skilar sér í sífellt aukinni sölu hjá okkur.

Neyslan m.v. júlí síðastliðinn er 114 milljónir lítrar umreiknað í próteinhluta mjólkurinnar og 107 milljónir lítra umreiknað í fituhluta mjólkurinnar. Próteinsalan hefur aukist um tæp 2% síðustu 12 mánuði en fituneyslan vex um tæp 5% sem er í takt við þróun síðustu ára. Útlitið hér innanlands er því ágætt auk þess sem sennilega hafa aldrei verið betri tækifæri til útflutnings en einmitt í dag.

Þegar maður horfir á þessa metframleiðslu er ágætt að rifja upp stöðuna eins og hún var snemma á síðasta ári. Á þeim tíma stefndi í óefni fyrir mjólkurframleiðendur, góð söluaukning innanlands var alls ekki í takt við framleiðsluþróun hjá kúabændum. Á þessum tíma blésum við til sóknar og er það gleðilegt að sjá hvað bændur voru samhentir í að auka framleiðsluna.

Mér er minnstætt að á þessum tíma, fyrir einu og hálfu ári síðan, ræddu ýmsir forsvarsmenn framleiðenda um að við værum komin að ákveðnum endimörkum hvað varðaði mjólkurframleiðsluna og að mögulega væru litlar líkur á að framleiðslan færi mikið umfram 117 milljónir lítra. Þetta var sem betur fer ekki raunin og er metframleiðsla síðasta árs til marks um þann þrótt og slagkraft sem einkennir mjólkurframleiðendur í dag.

Umframmjólk

Nokkur umræða hefur verið um umframmjólk og verðlagningu á henni á þessu nýbyrjaða verðlagsári. Í ljósi umræðunnar langar mig að koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

- 1) Í skilningu búvörlaganna er umframmjólk mjólk sem er umfram þá framleiðslu sem er nauðsynleg til að sinna innanlandsneyslunni og tryggja eðlilega birgðastöðu í mjólkuriðnaðinum. Óumdeilt er að jafnvægi er komið á alla þessa þætti og því er það á ábyrgð viðkomandi bónda og afurðastöðvar að koma mjólkinni af íslenska markaðnum. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að sömu lög og reglur gildi er kemur að uppgjöri á umframmjólk hvort sem um er að ræða afurðastöðvar innan vébanda SAM (þ.e. MS og KS) eða utan þeirra (þ.e. Mjólk). Það hlýtur að gerast fyrr en síðar að einhver kúabóndi láti reyna á rétt sinn samkvæmt búvörlögnum. Það að hluti framleiðenda eða afurðastöðva geti sagst vera óbundinn búvörlögnum stenst einfaldlega ekki skoðun.
- 2) Í samræmi við búvörlögin, tókum við ábyrgð á umframframleiðslunni hér hjá MS og bjóðum öllum þeim sem vilja að kaupa umframmjólk á 27 kr per lítra að lágmarki. Þetta verð endurspeglar núverandi gengi og markaðsaðstæður erlendis. Ef gengið lækkar mikið (þ.e. krónan veikist) má gera ráð fyrir að verðið hækki og það sama á við ef við sjáum töluverðar verðhækkningar umfram núverandi verðlag. Við teljum hins vegar mikilvægt að framleiðendur geti gengið að þessu verði vísu þegar þeir skipuleggja rekstur sinna búa á yfirstandandi verðlagsári.
- 3) Flutningskostnaður vegna umframmjólkur lækkar hlutfallslega í takti við fullt afurðastöðvarverð eins og það er á hverjum tíma. Þá má einnig hafa í huga að í verðlagningu á mjólk til útflutnings er einungis gert ráð fyrir breytilegum kostnaði en ekki föstum kostnaði á borð við yfirstjórn og þess háttar.
- 4) Hlutverk Mjólkursamsölnunnar er fyrst og fremst að vera sölusamlag þeirra aðila sem standa að rekstri þess þ.e. Auðhumlu og KS. Okkar hlutverk er að koma vörunni á markað fyrir sem allra minnstan tilkostnað. Heyrst hefur að MS ætti að borga hærra verð fyrir umframmjólkina. Það er ekki sanngjarnt, núverandi útflutningsverð endurspeglar verð á mjólkurafurðum erlendis. Hærra verð til bænda þýðir hins vegar að við værum að flytja peninga frá þeim bændum sem framleiða enga umframmjólk til þeirra sem hana framleiða. Það getur varla talist sanngjarnt.
- 5) Það að byggja upp öflugan útflutningsmarkað fyrir mjólkurafurðir er verkefni sem mun taka langan tíma. Fyrstu skrefin lofa góðu en mikil vinna er eftir og mikilvægt að þessu starfi sé sinnt af öflugu og hæfu starfsfólki.

Almennt séð tel ég það mikilvægt fyrir íslenskan mjólkuriðnað að gera sig gildandi á erlendum mörkuðum. Framleiðsla okkar til útflutnings verður þó aldrei nema brotabrot af því sem stóru útflutningsþjóðirnar, á borð við Nýja Sjáland, Ástralíu og Bandaríkin, framleiða. Með því að sinna markaðsstarfi erlendis byggjum við mikilvægt tengslanet sem nýtist á margan hátt og eru í rauninni gluggar okkar að umheiminum.

Mjór er mikils vísir. Við höfum náð að koma okkur fyrir á markaðskimum í Bandaríkjunum og Bretlandi sem borga mjög hátt verð fyrir okkar vörur. Við eigum að leggja áherslu á að stækka þá markaði. Það er verðugt markmið okkar að stefna að því að útflutningur á mjólkurafurðum verði innan 5 ára um 15% af heildarframleiðslu landsins á mjólkurafurðum sem mun krefjast samstillts átaks mjólkurframleiðenda og afurðastöðva ef sú sýn á að verða að veruleika.

Með bestu kveðju,

Útgefandi MS



Ábyrgðarmaður:

Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:

Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Sex ára börn fá glaðning

Þessa dagana mega sex ára börn sem nýlega hófu skólagöngu sína vænta þess að fá glaðning inn um lúguna frá Mjólkursamsölnunni. Ákveðin hefð hefur skapast fyrir þessum markpósti og bíða margir spenntir eftir þessari sendingu.

Í ár er um að ræða sérmerkt nestisbox sem hentar vel fyrir skólanestið, Gotta þrjónahúfu og strokleður, stundaskrá og bækling með hollum og góðum hugmyndum að nesti. Innihald nestisboxanna er breytilegt eftir árum, svo þessu fylgir alltaf svolítill spennna.

Í ár sáu innþökkunarálfar Mjólkursamsölnunnar um að pakka 3.700 boxum eftir lista frá þjóðskrá.

Ef þið þekkið eitthvert barn sem er fætt 2001 og saknar þess að hafa ekki fengið sent nestisbox þá er hægt að hafa samband við söludeild MS í Reykjavík og reynt verður að komast til botns í málinu.



Hjálp í neyð



Hér er mynd af gamla mjólkurbílunum á Ísafirði í björgunaradgerðum fyrir vestan. Veghefill var á þurru þegar hann festist í fjörinni við Mjóafjörð, svo fór að flæða að en með snarræði tókst að bjarga honum í land.

Mjólkurvinnsla á Akureyri í 80 ár



Þann 4. september síðastliðinn voru liðin 80 ár síðan Mjólkursamlag KEA var stofnað á Akureyri. Starfsemin hófst þó ekki fyrr en áeinum mánuðum síðar, eða 6. mars 1928 og var þá samlagið til húsa neðst í Grófargili á Akureyri. Allar götur síðan hefur verið rík hefð fyrir mjólkurvinnslu á Akureyri, bæði þökkun á ferskmjólk og vinnslu á fjölbreyttum mjólkurvörum.

MS Akureyri

Mjólkursamlag var rekið undir merkjum Kaupfélags Eyfirðinga allt til ársins 2000 þegar nafni fyrirtækisins var breytt í Norðurmjólk með samruna við mjólkursamlag KP á Húsavík. Um síðastliðin áramót sameinaðist mjólkursamlagið svo inn í Mjólkursamsölnuna. Hjá MS Akureyri starfa nú um 70 manns og í tilefni dagsins var efnt til sérstaks hádegisverðar með starfsfólki MS Akureyri og færði fyrirtækið öllum starfsmönnum gjöf í tilefni dagsins.

Ostagerðin þungamiðjan frá upphafi

Mjólkurvinnsla KEA hófst í því húsi í Grófargili sem nýverið var gert upp fyrir veitingastaðinn Friðrik V á Akureyri en nýtt hús var byggt yfir starfsemina ofar í Gilinu og tekið í notkun árið 1939. Í kjölfarið fylgdi aukin fjölbreytni í vinnslu afurða, sér í lagi á ostum sem alla tíð hafa verið flaggskip í mjólkurvinnslu á Akureyri.

Ný og fullkomin mjólkurstöð var tekin í notkun árið 1980 á Lundstúni við Súluveg þar sem hún er enn þann dag í dag, nýja stöðin jók enn möguleika mjólkursamlagsins til aukinnar fjölbreytni í framleiðslu mjólkurafurða en auk mjólkurvinnslu var um tíma pakkað vatni í húsnæði mjólkursamlagsins, sem og ávaxtasafa. Smjörlikisgerð var einnig í stöðinni á tímabili.

- 1927** - Mjólkursamlag KEA stofnað 4. september
- 1928** - Mjólkursamlagið tekur til starfa 6. mars í Grófargili
- 1937** - Bygging hefst á nýju húsnæði fyrir mjólkursamlag í Grófargili
- 1939** - Nýtt mjólkursamlag tekið í notkun í Grófargili
- 1940** - Hafin framleiðsla á gráðaosti
- 1948** - Hafin framleiðsla á kaseini
- 1949** - Ný viðbygging tekin í notkun
- 1950** - Hafin framleiðsla á góðosti (smurosti)
- 1951** - Hafin framleiðsla á mysingi (mysuostur framleiddur frá upphafi)
- 1965** - Hafin framleiðsla á mjólkurdufti
- 1965** - Framkvæmdir hefjast við byggingu nýrrar mjólkurstöðvar á Lundstúni
- 1970** - Hafin framleiðsla á óðalsosti
- 1972** - Mjólkurfurnur leysa flöskur af hólmi
- 1973** - Mjólkurflutningar hefjast með tankbílum
- 1979** - Fyrsti hluti mjólkurstöðvar á Lundstúni tekinn í notkun
- 1980** - Ný mjólkurstöð á Lundstúni formlega vígð
- 1981** - Framleiðsla hefst á kotasælu og smjörva
- 1982** - Hafin framleiðsla á Ísbúa
- 1985** - Vatnspökkunarfyrirtækið AKVA tekur til starfa
- 1985** - Hafin framleiðsla á skólaosti
- 1993** - Hafin framleiðsla á KEA-skyri
- 1994** - Hafin framleiðsla á Frissa fríska
- 2000** - Norðurmjólk verður til við samruna mjólkursamlaganna á Akureyri og Húsavík og Grana – einkahlutafélags í eigu bænda á samlagssvæði Norðurmjólkur
- 2002** - Öll mjólkurvinnsla fluttist endanlega frá Húsavík til Akureyrar
- 2007** - Norðurmjólk sameinast inn í Mjólkursamsölnuna



Mjólkursamlag KEA í Grófargili 1928-1939



Mjólkursamlag KEA í Grófargili 1939-1980



MS Akureyri 2007

Mjög góð sölubrúun í mjólkurvörum fyrstu átta mánuði ársins



Fyrstu átta mánuði ársins jókst sala af viðbiti um 3,9% eða 35 tonn m.v. sama tímabil árið áður. Sala á ostum jókst um tæp 6% eða 179 tonn. Sala á ostatertum jókst um 28% eða um 10,8 tonn. Fyrir tímabilið janúar – ágúst hefur heildarsala af ostum og viðbiti aukist um 6% eða 257 tonn. Fyrstu átta mánuði ársins hefur heildarsala á mjólkurvörum aukist um 1,8% eða 620 þús.ltr. Þær vörur sem hafa vaxið hvað mest í magni á árinu eru kókómjól, súrmjól, G-mjól, Ab-mjól og Lgg+ jógúrtin. Almennt má segja að þær nýjungar sem kynntar hafa verið á markaðnum á þessu ári hafi allar fengið mjög góðar viðtökur hjá neytendum.

Bændabókhald MS

Bændabókhaldið gegnir veigamiklu hlutverki í fyrirtækinu og er staðsett á fjórðu hæðinni að Bitruhálsi 1.

Garðar Eiríksson veitir m.a. bændabókhaldinu forstöðu og hefur unnið lengi fyrir og með bændum m.a. rak hann um nokkura ára skeið bókhaldsstofu og annaðist bókhald og uppgjör fyrir fjöldamarga bændur. Hann hóf störf sem skrifstofu- og fjármálastjóri Mjólkurbús Flóamanna í janúar 1996. Garðar sér um lánamál s.s. tankalán og kvótalán, aðstoðar við greiðslumarkskaup/sölu o.fl., utan hefðbundinna verkefna bændabókhalds sem eru mjólkurinnlegg, innlestur gæða- og efnagreininga, ýmis skýrslugerð og upplýsingaráðgjöf.

Auk Garðars eru Kristín Björnsdóttir sem starfaði á skrifstofu MBF á Selfossi í yfir 30 ár og Guðmundur Theódórsson sem starfaði einnig á skrifstofu MBF í yfir 20 ár. Ólafur Steinason sér um tölvumál, bændavefinn og sérvinnslu tengda þessum málaflokki og hann á um 20 ára starfsaldur í mjólkinni.

Að sögn Garðars og samstarfsfólks er skemmtilegt og áhugavert að vinna með bændum en þau eru þessa mánuðina að kynna nýjum félagsmönnum í nýjum landshlutum með tilkomu sameinaðs fyrirtækis.



Frá vinstri: Garðar Eiríksson, Guðmundur Theódórsson og Ólafur Steinason



Kristín Björnsdóttir

Gott að muna:

Hreinsa vatnssíur þvottavéla reglulega.

Þegar kólna fer í veðri, þarf að ganga þannig frá mjólkurhúsi að ekki sé hættu á frostskeiðum.

Mjólkurfræðingar frá Dalum

Þrír starfsmenn Mjólkursamsöluunnar ljúka námi í mjólkuriðni á árinu.

Þeir luku allir bóklega hlutanum á DALUM í Odense 29. júní s.l. og var þessi mynd tekin af þeim félögum við það tækifæri.




Þeir eru frá vinstri: Ingvar Friðriksson Egilsstöðum, Magnús Freyr Ágústsson Búðardal og Gísli Jósef Hreggviðsson Selfossi.

Við óskum þeim til hamingju með áfangann!

Samanburður á frumtölu árin 2007 og 2006 hjá innleggjendum MS.



Samanburður á líftölu árin 2007 og 2006 hjá innleggjendum MS.





BÚÐARDAL

Ostagerð í 30 ár hjá MS Búðardal 07.07.77 – 07.07.07

07.07.07 var stór dagur í lífi margra. Þessi dagur var líka merkilegur fyrir starfsfólk MS Búðardal, því upphaf ostagerðar þar var þann sama dag fyrir 30 árum.

Óþarfi er að kynna alla þá góðu osta sem eru framleiddir í Búðardal og því er þessi dagur merkilegur fyrir mjólkursamlagið, mjólkurframleiðendur og mjólkuriðnaðinn í heild.

Starfsfólkið fagnaði þessum áfanga að sjálfsögðu með ljúffengum ostum og rjómatertu.

Mjólkursamlagsstjóri er Sævar Hjaltason.

Merktar kýr - minni óhöpp

Hver hefur ekki heyrt um að kýr í lyfjameðferð hafi verið mjólkuð í ógáti og henda hafi þurft mjólkinni í tanknum. Ástæðan, afleysing í fjósi, augnabliks gáleysi o.þ.h.

Víða eru til litaðir borðar með frönskum rennilási sem hægt er að merkja kúna með.

Þessi aðferð kemur í veg fyrir svona óhöpp.

Borðarnir fást m.a. hjá Remfló á góðu verði. 10 stykki í pakka, nokkrir litir.



Mjólkurmóttaka MS Selfossi

Í tengslum við flutning mjólkurpökkunar á Selfoss frá Reykjavík var nauðsynlegt að flytja innvigtun og innri þvott mjólkurbíla, þessu var lokið í sumarbyrjun.

Helstu breytingar eru að inndælingarlínum var fjölgað um eina, úr þremur í fjórar, auk þess var sett upp sjálfvirk síritun á bílnúmeri, magni og hitastigi mjólkur sem er liður í því að geta rakið feril mjólkurinnar frá innleggjenda til tilbúinnar vöru.

Verkið var unnið að mestu af starfsmönnum MS Selfossi.



Yfirlit mælinga hjá MS í ágúst 2007

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Frumut.	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ							MFM	MFM	MFM	
1/08/07-4/08/07	4,04	3,35	2,64	0,70	6,70	-0,541	16	289	270	2.842

Líftala í þúsundum hjá MS í ágúst 2007

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
90,11	96,38	99,40	0,25	0,18	0,17

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

Landið september-ágúst:	2006-2007	2005-2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	123.625.075	113.131.616	10.493.459	9,28%
Greiðslumark	116.000.000	111.000.000	5.000.000	4,50%
Nýting greiðslumarks	106,57%	101,92%		

Landið janúar-ágúst:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	86.795.191	80.232.570	6.562.621	8,18%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
32	2.328.038	2.137.810	190.228	8,90%
33	2.303.764	2.130.209	173.555	8,15%
34	2.288.512	2.156.949	131.563	6,10%
35	2.276.748	2.131.590	145.158	6,81%
36	2.227.130	2.129.098	98.032	4,60%
Samtals:	11.424.192	10.685.656	738.536	6,91%